**Kjarasamningur**
**Rafiðnaðarsambands Íslands**
**og**
**RARIK ohf.**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning RSÍ og RARIK.

**2. gr.**

**Launabreytingar á samningstímanum**

Launbreytingar 1. mars 2015

Þann 1. mars 2015 hækka laun og launatengdir liðir um 6,1%.

Launabreytingar 1. maí 2016
Þann 1. maí 2016 hækka laun og launatengdir liðir um 5,5%.

Launabreytingar 1. maí 2017
Þann 1. maí 2017 hækka laun og launatengdir liðir um 3,0%

Launabreytingar 1. maí 2018
Þann 1. maí 2018 hækka laun og launatengdir liðir um 2,0%.

**3. gr**

Grein 3.10 breytist og orðist þannig:

Um miðjan desember ár hvert, skal hver fastráðinn starfsmaður sem þá er í starfi og unnið hefur það ár allt hjá RARIK fá greidda launauppbót, sem nemur tveggja vikna dagvinnulaunum viðkomandi starfsmanns.

**4. gr.**

RARIK metur viðbótarmenntun sem tekur a.m.k. tvær annir og skilar sér í viðbótar hæfni eða auknum réttindum og nýtist í starfi. Hækkun getur numið allt að þremur launaflokkum.

ÞM
KM

**5. gr.**

Grein 6.01 Laun í veikindum breytist og orðast þannig:

Veikist starfsmaður, skal hann á 1. ári fá laun 2 vinnudaga fyrir hvern byrjaðan mánuð. Eftir eins árs starf, skulu menn halda óskertum launum í veikindatilfellum miðað við starf hjá Rafmagnsveitunum sem hér segir;

- eftir 1 árs starf 45 almanaksdaga á hverjum 12 mánuðum.

- eftir 3 ára starf 84 almanaksdaga á hverjum 12 mánuðum.

- eftir 5 ára starf 120 almanaksdaga á hverjum 12 mánuðum.

Í tilvikum samkvæmt gr. 6.0.1. og 6.0.2. skal starfsmönnum greidd yfirvinna í allt að 1 mánuð, sem þeir eru fjarverandi vegna einstakra sjúkdóma eða slysa. Að því loknu greiðist 90% af yfirvinnu út veikindatímabilið. Yfirvinnugreiðsla miðast við meðaltalsyfirvinnu síðastliðna 6 mánuði að orlofstímabili undanskyldu

Ekki er skylt að greiða starfsmanni laun fyrir veikinda- og / eða slysadaga, nema fyrir liggi læknisvottorð.

**6. gr.**

Grein 6.02 1. málsgr. Breytist og orðist þannig:

Starfsmenn skulu halda óskertum launum í allt að 2 mánuði umfram veikindarétt, verði þeir fyrir slysi á vinnustað, eða á beinni leið frá heimili til vinnustaðar, eða frá vinnustað til heimilis, eða veikist af orsökum, er rekja má til vinnunnar, sbr. reglur varðandi atvinnusjúkdóma, útgefnar af Samgönguráðuneytinu 7. mars 1956.

**7. gr.**

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 29. maí og 22. júní 2015, skal það sama gilda um samning þennan.

Þegar niðurstaða liggur fyrir á almennum vinnumarkaði um endurskoðun vinnutíma og álagsgreiðslna, sbr. bókun þar um í kjarasamningum SA og aðildarfélaga ASÍ, munu aðilar hefja viðræður um sambærilegar breytingar á kjarasamningi þessum.

KM

ÞM

**8. gr.**

Samningurinn gildir til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins eigi síðar en 25. nóvember 2015.

Reykjavík, 13. nóvember 2015

F.h. RSÍ

F.h. RARIK ohf.

**Bókun 1**

Þann 1.11.2015 hækka laun starfsmanna um einn launaflokk

Þann 1.5.2016 hækka laun starfsmanna sem raðað er í launaflokka 155 -163 um einn launaflokk. Frá sama tíma hækka auk þess laun starfsmanna sem nemur einum launaflokki að meðaltali. Hækkun einstakra starfsmanna vegna þessa getur numið allt að tveimur launaflokkum.

Þann 1.11.2016 hækka laun starfsmanna um einn launaflokk

**Bókun 2**

RARIK hefur verið í viðræðum við Lífeyrissjóðinn Stafi um hvort hægt sé að gera starfsmönnum auðveldara að láta af störfum og hefja töku lífeyris fyrir 70 ára aldur. Þeim viðræðum verður haldið áfram, möguleikar og leiðir kannaðar með aðkomu fulltrúa Rafiðnaðarsambandsins. Þessum viðræðum skal lokið eigi síðar en fyrir lok árs 2017.

**Bókun 3**

Samningsaðilar tilnefna einn fulltrúa hvor í nefnd sem hafi það verkefni að færa samning þennan ásamt núgildandi kjarasamningi inn í eitt heildarskjal. Sama nefnd skal ganga frá launatöflum samkvæmt grein 2 í samningi þessum auk þess að ákvarða laun nema og yfirfara röðun starfsheita. Nefndin skal einnig yfirfara veikinda- og vinnuslysakafla samningsins og leitast við að ná samkomulagi um breytingar. Skal þessu lokið eigi síðar en 31.05.2016.

**Bókun 4**

RARIK staðfestir þá afstöðu fyrirtækisins að almennar reglur skaðabótaréttar sem og reglur um húsbóndaábyrgð fyrirtækisins eigi við um starfsmenn í starfi. Á sama hátt takmarkast ábyrgð fyrirtækisins vegna þessa af sambærilegum sjónarmiðum og gilda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins. Áréttað skal að framangreint gildir um alla starfsmenn fyrirtækisins, þ.m.t. meistara og þá sem fagábyrgð bera.

Gildir frá 1. mars.2015

| Launaflokki | 1. þrep | 2. þrep | 3. þrep | 4. þrep | 5. þrep | 6. þrep | 7. þrep |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 145 | 270.843 | 278.013 | 285.397 | 289.174 | 293.006 | 296.896 | 300.845 |
| 146 | 274.402 | 281.677 | 289.176 | 293.007 | 296.899 | 300.847 | 304.854 |
| 147 | 278.013 | 285.397 | 293.006 | 296.896 | 300.845 | 304.853 | 308.919 |
| 148 | 281.677 | 289.176 | 296.901 | 300.848 | 304.855 | 308.921 | 313.052 |
| 149 | 285.398 | 293.007 | 300.848 | 304.855 | 308.921 | 313.052 | 317.241 |
| 150 | 289.176 | 296.901 | 304.855 | 308.921 | 313.052 | 317.241 | 321.497 |
| 151 | 293.007 | 300.848 | 308.921 | 313.052 | 317.241 | 321.497 | 325.814 |
| 152 | 296.899 | 304.854 | 313.051 | 317.240 | 321.496 | 325.813 | 330.196 |
| 153 | 300.847 | 308.920 | 317.240 | 321.496 | 325.813 | 330.196 | 334.645 |
| 154 | 304.854 | 313.051 | 321.496 | 325.813 | 330.196 | 334.645 | 339.159 |
| 155 | 308.920 | 317.240 | 325.813 | 330.196 | 334.645 | 339.159 | 343.741 |
| 156 | 313.051 | 321.496 | 330.195 | 334.644 | 339.158 | 343.740 | 348.390 |
| 157 | 317.240 | 325.813 | 334.645 | 339.159 | 343.741 | 348.391 | 353.111 |
| 158 | 321.496 | 330.195 | 339.158 | 343.740 | 348.390 | 353.109 | 357.902 |
| 159 | 325.813 | 334.645 | 343.742 | 348.392 | 353.114 | 357.904 | 362.767 |
| 160 | 330.196 | 339.159 | 348.392 | 353.114 | 357.904 | 362.767 | 367.704 |
| 161 | 334.645 | 343.742 | 353.114 | 357.904 | 362.767 | 367.704 | 372.714 |
| 162 | 339.159 | 348.392 | 357.904 | 362.767 | 367.704 | 372.714 | 377.801 |
| 163 | 343.741 | 353.111 | 362.767 | 367.704 | 372.714 | 377.801 | 382.965 |
| 164 | 348.391 | 357.903 | 367.703 | 372.713 | 377.800 | 382.962 | 388.200 |
| 165 | 353.111 | 362.767 | 372.714 | 377.801 | 382.965 | 388.201 | 393.521 |
| 166 | 357.903 | 367.703 | 377.801 | 382.965 | 388.201 | 393.521 | 398.920 |
| 167 | 362.765 | 372.713 | 382.962 | 388.200 | 393.520 | 398.918 | 404.396 |
| 168 | 367.703 | 377.801 | 388.201 | 393.521 | 398.920 | 404.398 | 409.958 |
| 169 | 372.713 | 382.962 | 393.520 | 398.918 | 404.396 | 409.957 | 415.601 |
| 170 | 377.800 | 388.200 | 398.918 | 404.396 | 409.957 | 415.601 | 421.332 |
| 171 | 382.962 | 393.520 | 404.396 | 409.957 | 415.601 | 421.332 | 427.146 |
| 172 | 388.200 | 398.918 | 409.958 | 415.602 | 421.333 | 427.149 | 433.051 |
| 173 | 393.520 | 404.396 | 415.602 | 421.333 | 427.149 | 433.051 | 439.040 |
| 174 | 398.918 | 409.958 | 421.333 | 427.149 | 433.051 | 439.040 | 445.123 |
| 175 | 404.396 | 415.602 | 427.146 | 433.050 | 439.039 | 445.121 | 451.294 |
| 176 | 409.957 | 421.332 | 433.049 | 439.038 | 445.120 | 451.291 | 457.556 |
| 177 | 415.601 | 427.145 | 439.036 | 445.119 | 451.290 | 457.554 | 463.914 |
| 178 | 421.323 | 433.038 | 445.106 | 451.285 | 457.545 | 463.904 | 470.360 |
| 179 | 427.124 | 439.013 | 451.260 | 457.536 | 463.887 | 470.342 | 476.895 |
| 180 | 433.005 | 445.070 | 457.499 | 463.874 | 470.317 | 476.870 | 483.521 |
| 181 | 438.967 | 451.211 | 463.825 | 470.300 | 476.836 | 483.488 | 490.240 |
| 182 | 445.011 | 457.436 | 470.237 | 476.815 | 483.445 | 490.198 | 497.051 |
| 183 | 451.138 | 463.748 | 476.739 | 483.420 | 490.146 | 497.001 | 503.957 |
| 184 | 457.350 | 470.146 | 483.330 | 490.116 | 496.940 | 503.898 | 510.960 |
| 185 | 463.647 | 476.633 | 490.012 | 496.905 | 503.828 | 510.891 | 518.059 |
| 186 | 470.031 | 483.209 | 496.787 | 503.789 | 510.811 | 517.982 | 525.257 |
| 187 | 476.502 | 489.876 | 503.656 | 510.767 | 517.892 | 525.170 | 532.556 |
| 188 | 483.063 | 496.635 | 510.619 | 517.842 | 525.070 | 532.459 | 539.955 |
| 189 | 489.714 | 503.487 | 517.679 | 525.016 | 532.348 | 539.848 | 547.458 |
| 190 | 496.457 | 510.434 | 524.836 | 532.288 | 539.727 | 547.340 | 555.064 |

ÞM

KB